

Skólaráð 10. mars 2019

Mættir: Helgi Grímsson sviðsstjóri SFS, Karl fulltrúi foreldra, Fannar fulltrúi grenndarsamfélagsins, Guðrún Þ. og Elsa fulltrúar kennara, Guðný fyrir hönd starfsmanna, Aðalbjörg og Árni.

Fundur kl. 16:00

Fundarritari: Árni

Dagskrá: Húsnæðismál Fossvogsskóla

- Greint frá því að fulltrúar skóla- og frístundasviðs, umhverfis- og skipulagssviðs, heilbrigðiseftirlits og skrifstofu eigna- og atvinnuþróunar hefðu fundað í dag vegna stöðunnar.
- Fulltrúi foreldrar benti á óánægju foreldra með fjarveru USK á foreldrafundinum 7. mars í Fossvogsskóla. Foreldrum finnst þeir ekki nógu upplýstir um stöðu mála varðandi skólahúsnæðið. Stjórn FFF hittist í morgun og fór yfir stöðu mála.
- Verkís á eftir að skila skýrslu en enn er verið að vinna eftir minnisblaði. Skýrslan verður birt.
- Stjórnendur greindu frá undirskriftarlista frá foreldrum barna í 1.-3. bekk þar sem beðið er um að endurskoða þá ákvörðun að hafa þennan aldurshóp í skólanum m.a. vegna efasemda um að hægt sé að einangra myglu á milli rýma þegar unnið er að framkvæmdum í húsnæðinu. Fulltrúar foreldra í ráðinu greindu frá fundi með stjórn FFF fyrr í dag þar sem þessi ósk var ítrekuð.
- Ákvörðun tekin um að loka skólanum eftir að skóladegi lýkur miðvikudaginn 13. mars svo hægt sé að komast sem fyrst í nauðsynlegan undirbúning flutnings og viðgerðir á skólanum. Um er að ræða varúðarráðstöfun á meðan endurbætur fara fram svo hægt sé að opna Fossvogsskóla að nýju að loknu sumarleyfi.
- Um tólf vikur eru eftir af skólaárinu og finna þarf pláss fyrir nemendur og starfsfólk. Ákvörðun tekin um að nemendur í 4. bekk verði áfram í lausum kennslustofum á lóðinni en verið er að útvega húsnæði fyrir 1.-3. bekk og 5.-7. bekk. Markmiðið er að finna húsnæði sem næst Fossvoginum fyrir börnin.
- Rætt um að hefðbundið skólastarf fari fram í Fossvogsskóla frá mánudegi til miðvikudags og ákveðið að skipulagsdagur 19. mars verði færður til föstudagsins 15. mars og öðrum bætt við þ.e. fimmtudeginum 14. mars. Kennsla felld niður þessa daga. Stefnt að því að kennsla hefjist að nýju mánudaginn 18. mars.
- Ákveðið að senda upplýsingapóst um stöðu mála til foreldra í kjölfar skólaráðsfundarins og að boðað verði til upplýsingafundar með foreldrum í næstu viku.

- Leitað til frísundar með að vera með heila daga 14. og 15. mars.

- Ákveðið að hafa öfluga upplýsingamiðlun til foreldra og starfsmanna meðan á ástandinu stendur.
- Farið yfir ástands skólabyggingarinnar í meginatriðum. Í Vesturlandi er rakalagið í þaki ónýtt og þarf að skipta um það. Í Meginlandi (miðbygging) þarf að skipta um þak og í Austurlandi þarf að þétta austurvegginn en þar hefur leki verið viðvarandi.
- Á vef umhverfisstofnunar er fræðsla um myglu en foreldrar kalla eftir þeim upplýsingum.
- Næsti fundur 11. mars kl. 18:00